

Þriðjudaginn 15. mars 1988.

Nr. 115/1987. **Sjóváttryggingarfélag Íslands hf.**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Birni Þór Árnasyni

(Ásmundur S. Jóhannsson hrl.)

Bifreiðar. Húftrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1987. Félagið krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og til vara lækkunar bóta. Það krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann um annað en vexti frá 14. apríl 1987, en þá tóku vaxtalög nr. 25/1987 gildi. Af hálfu áfrýjanda var upphafstíma vaxta ekki mót-mælt og því ekki heldur að dómvextir yrðu dæmdir. Fer um vexti sem í dómsorði segir.

Rétt er að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 60.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, þó þannig að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags skulu vextir vera hæstu innlámsvextir á hverjum tíma.

Áfrýjandi, Sjóváttryggingarfélag Íslands hf., greiði stefnda, Birni Þór Árnasyni, 60.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 9. mars 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. febrúar sl., hefur Björn Þór Árnason sjómaður, nnr. 1317-2048, Dalsbraut 13, Dalvík, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 27. október 1986, á hendur Sjóvátryggingarfélagi Íslands hf., Reykjavík.

Eru dómkröfur stefnanda þær að stefnt félag verði dæmt til að greiða honum kr. 238.637,00 með 15,5% ársvöxtum frá 25. ágúst 1986 til þingfestingardags 6. nóvember 1986, en með dómvöxtum samkv. lögum nr. 56, 1979 frá þ.d. til greiðsludags og málskostnað samkvæmt málskostnaðar- reikningi og gjaldskrá LMFÍ.

Stefnda krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að því verði aðeins gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Þá krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málsatvik eru þau að 22. ágúst 1986 ók Víkingur Árnason, bróðir stefnanda, bifreiðinni A-3906, sem er eign stefnanda, út af Ólafsfjarðarvegi við bæinn Hól norðan Dalvíkurkaupstaðar og velti henni. Halldór Gunnlaugsson, lögregluvarðstjóri á Dalvík, kom á staðinn og skýrir hann svo frá í lögregluskýrslu:

„Þegar undirritaður kom á staðinn stóð bifreiðin A-3906 á hjólunum um 10 metra vestan vegarins, en 35 metrum norðan grindahliðs, sem þarna er á veginum. Var þá búið að velta bifreiðinni á hjólin, en þarna hafði hún legið á þakinu eftir slysið. Þarna er vegurinn harðtroðinn malarvegur og lítil laus möl á vegarbrúnum. Um 75 metrum sunnan við nefnt grindahlið tekur við bundið slitlag. Þarna var vegurinn þurr, aðeins ryklaus eftir regn, en þurrviðri var er slysið varð. Grindahliðið er á hæð og er nokkuð í fangið að sækja norður að því og má segja að þarna sé um blindhæð að ræða. Bæði að vestan og að austan við grindahliðið er girðing og liggur hún þvert á veginn. Þarna má segja að vegurinn sé beinn, en þar sem hinu bundna slitlagi sleppir og þar til suðurs er mjúk vinstri beygja fyrir þá, sem aka til norðurs (A-3906). Á enda hins bundna slitlags á 5 metra kafla var greinilegt hemla- eða skriðfar, austarlega, og hélst það eftir austurkanti malarvegarins nokkurn spöl þangað til tvö skriðför tóku að liggja vestur yfir veginn og gleikkaði bilið á milli þeirra og spölkorn sunnan við girðinguna lágu þau vestur af veginum, en þarna er sama og enginn kantur og mun bifreiðin hafa verið komin alveg þversum er hún rann í gegnum girðinguna vestan hliðsins, en þaðan mun hún eitthvað hafa snúist á leið sinni þangað til hún valt á þakið. Þegar undirritaður kom á staðinn lá kýr um 15 metra norðan við girðinguna, rétt vestan við leið bifreiðarinnar og sperti hún út alla fætur og var sýnilega mjög þjáð. Allt útlit er fyrir það að kýrin hafi verið norðan við girðinguna, sem liggur vestur frá hliðinu, og orðið þar fyrir bæði girðingunni og bifreiðinni er bifreiðin rann þar í gegn.“

Kýrin reyndist hryggbrotin og var henni slátrað. Þá segir ennfremur í skýrslu lögregluvarðstjórans:

„Það skal tekið fram að hægra framhjól bifreiðarinnar var vindlaust er undirritaður kom á staðinn, en felgan mikið beygluð. Farið var með það á bílaverkstæði Dalvíkur til athugunar, en þar gat verkstjórinn, Óskar Jónsson, ekki úrskurðað hvort „sprungið hafi á bifreiðinni“ á venjulegan hátt eða að vindur hafi farið úr vegna skemmdanna á felgunni. Þetta var slöngulaus barði.“

Miklar skemmdir urðu á bifreiðinni við veltuna og var viðgerðarkostnaður metinn af trúnaðarmanni stefnda á Dalvík kr. 264.637,00. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna framangreinds tjóns, að frádreginni sjálfsábyrgð eiganda kr. 26.000,00, en bifreið stefnanda var húftryggð hjá stefnda.

Rökstyður stefnandi kröfu sína með því að húftryggingin nái til framangreinds tjóns. Samkvæmt skírteini nr. 832571 hafi stefndi tekið að sér að bæta skemmdir sem hlytust af m.a. árekstri og veltu. Í þessu tilfelli sé hvoru tveggja til að dreifa og sé greiðsluskylda félagsins skýr samkvæmt skilmálum váttryggingarsamningalaga.

Stefnda rökstyður sýknukröfu sína með því að samkvæmt 1. tl. 3. gr. váttryggingarskilmála þeirra er giltu um húftryggingu stefnanda nái váttryggingarverndin ekki til tjóns er verður þegar váttryggingaratburðurinn verður rakinn til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis ökumanns eða váttryggðs. Sé ákvæði þetta í samræmi við 2. mgr. 18. gr. 1. nr. 20, 8. mars 1954 um váttryggingarsamninga. Telur stefnda ljóst af öllum atvikum að útafkeyrsla ökumanns A-3906 verði eingöngu og alfarið rakin til vítaverðs aksturs hans og augljóst að hann hafi ekið allt of hratt bæði miðað við leyfðan ökuhraða og aðstæður. Falli aksturslag ökumannsins því undir nefnt ákvæði. Telur stefnda að hér skipti ekki máli hvort vindur hafi farið úr hægra framhjólbarða þegar ökumaðurinn missti stjórn á bifreiðinni því að slíkt hefði ekki skipt máli á eðlilegri ferð. Þar fyrir utan sé ósannað að vindur hafi farið úr hjólbarðanum fyrr en eftir að bifreiðinni var ekið út af. Sönnunarbyrði um það hvíli á stefnanda. Beri af þessum sökum að sýkna. Verði ekki fallist á sýknu er því af hálfu stefnda haldið fram að stefnda beri einungis að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, sbr. 2. mgr. 18. gr. váttryggingarsamningalaganna.

Stefnandi heldur því fram að sök ökumanns A-3906 skipti hér engu máli þar sem ákvæði þess efnis í váttryggingarskilmálum sé í andstöðu við 18. gr. váttryggingarsamningalaganna sem einungis geri ráð fyrir því að ásetningur eða stórkostlegt gáleysi hins váttryggða geti valdið því að bótaskylda tryggingarfélagsins falli niður. Séu ákvæði í tryggingarskilmálum sem útvíkki þetta yfir á þriðja mann ógild. Verði eigi svo litið á beri allt að

einu að taka kröfu hans til greina þar sem ökumaður A-3906 hafi ekki sýnt af sér það vítaverða gáleysi sem 18. gr. váttryggingarsamningalaganna geri ráð fyrir.

Dómarinn lítur svo á að 2. mgr. 18. gr. váttryggingarsamningalaganna sé eigi til fyrirstöðu framangreindu ákvæði í tryggingarskilmálunum sbr. 3. gr. laganna. Er þessi skoðun dómarans m.a. byggð á greinargerð með frumvarpi að framangreindum lögum. Í greinargerð með 3. gr. eru talin upp þau ákvæði laganna sem talin eru ófrávíkjanleg og er 18. greinin eigi þar á meðal. Þá segir í greinargerð með þeim kafla er 18. gr. er í: „Í þessum þætti frumvarpsins eru sett ákvæði um það hvaða áhrif það hafi um skuldbindingu félagsins að váttryggður eða annar maður sem honum ber að svara fyrir valda því að váttryggingaratburðurinn gerist.“ Verður krafa stefnanda því eigi á þessari málsástæðu reist.

Ökumaður bifreiðarinnar og farþegi er í bifreiðinni var hafa komið hér fyrir dóm og bæði borið að þau hafi litið á hraðamælinn skömmu áður en ekið var út af hinu bundna slitlagi og hafi hraðinn þá verið um 80 km á klst. Bæði hafa þau borið að bifreiðin hafi farið að ramba til er út á malarveginn kom. Ökumaður kveðst ekki geta gefið skýringu á hinni löngu vegalengd frá því er hann hóf að hemla og þar til bifreiðin valt aðra en þá að hann hafi hugsanlega stigið á bensín í stað bremsu einhvern tímann á leiðinni, en bifreiðin sé sjálfskipt. Eins og að framan er rakið reyndist vindur hafa farið úr hægra framhjólbarða, en ekki er ljóst hvort það gerðist áður en bifreiðinni var ekið út af eða hvort um afleiðingu af útafakstrinum var að ræða. Er því ekki útilokað að hjólbarðinn hafi sprungið við akstur á veginum. Fram er komið í málinu að lögleyfður hámarkshraði á þessum stað er 70 km á klst.

Að framangreindu virtu svo og öðrum gögnum málsins þykir eigi fram komin næg sönnun fyrir því að ökumaður A-3906 hafi sýnt af sér slíkt gáleysi við aksturinn sbr. 18. gr. váttryggingarsamningalaganna svo og 20. gr. sömu laga að fella beri niður eða lækka bætur til stefnanda þess vegna. Ber samkv. framanskráðu að taka kröfu stefnanda til greina að fullu, en ekki er tölulegur ágreiningur um hana. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 55.000,00.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Sjóváttryggingarfélag Íslands hf., greiði stefnanda, Birni Þór Árnasyni, kr. 238.637,00, ásamt 15% ársvöxtum frá 25. ágúst 1986 til 6. nóvember s.á., en dómvöxtum, samkv. l. 56/1979, frá þ.d. til greiðsludags og kr. 55.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.